

Stjórnarfundur Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

Haldinn í Safnahúsinu á Húsavík, miðvikudaginn 3. Desember 2025 kl. 16.00.

Mættir voru:

Halldór Jón Gíslason stjórnarformaður, Gerður Sigtryggisdóttir stjórnarmaður, Hjálmar Bogi Hafliðason stjórnarmaður, Katý Bjarnadóttir stjórnarmaður, Knútur Emil Jónasson stjórnarmaður, Árni Pétur Hilmarsson forstöðumaður og Sirrý Örvarsdóttir ráðgjafi. Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir stjórnarmaður tilkynnti forföll.

Gerður Sigtryggisdóttir ritar fundargerð.

Halldór Jón Gíslason formaður setur fund.

1. Sumarið 2025 – forstöðumaður fór yfir helstu verkefni sumarsins varðandi viðhald, gestafjöldi, viðburði ofl. Helstu viðhaldsverkin voru að tréverk á Safnahúsi var málað, ný skilti sett upp á Grenjaðarstað og ný teppi á gólf. Tiltekt fór fram á útisvæði Safnahúss og farið með tæki og vélar í Ystafell og á Grenjaðarstað. Gert var við gólf á Sjóminjasafni. Gestafjöldi jókst á milli ára í Safnahúsi og á Grenjaðarstað en nokkur samdráttur varð í gestakomum á Snartarstað. Boðið var upp á fjölmarga viðburði og sýningar auk barnaviðburða. Þá var farið með gamla muni og ljósmyndir í heimsókn til eldri borgara í Hlyn á Húsavík.
2. Fjárhagsáætlun – forstöðumaður gerði grein fyrir fjárhagsáætlun 2026. Lagt er upp með óbeyttan aðgangseyri einstaklinga en lagt til að verð fyrir hópa verði hækkað úr 1.700 kr í 1.800 kr eða um 4,5%. Rekstrargjöld eru hækkuð um 4,5% eða því sem svarar til verðlagsbreytinga ársins. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir tæplega 1.400 þús kr rekstrarafgangi.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða. Stjórn leggur einnig til hækkun á aðgangseyri einstaklinga sbr. dagskrárlið nr. 5.

3. Staða styrktengdra verkefna v. 2025 – búið er að vinna úr öllum styrkjum sem fengust á árinu og voru þeir flestir innan áætlunar.
4. Styrkumsóknir fyrir 2026 – Sótt hefur verið um eftirfarandi styrki fyrir árið 2026:
 - a. Lýsing á Sjóminjasafni 4,5 mkr.
 - b. Útisvæði, beitingaskúr 2,8 mkr.
 - c. Hljóðleiðsögn Snartarstöðum 1,5 mkr.
 - d. Myndlistarsalur á þriðju hæð Safnahúss, endurnýjun gólfefnis 4 mkr
 - e. Aðrir styrkir frá Sveitamennt, SSNE.

5. Aðgangseyrir og opnunartími 2026 – lagt er til að opnunartímar verði óbreyttir og að aðgangseyrir fyrir einstaklinga og hópa verði hækkaður um 100,- kr.

Samþykkt samhljóða.

6. Þakskipti á Safnahúsinu – á stjórnarfund 10.03.2025 var samþykkt að fara þess á leit við sveitarfélögin sem standa að rekstri MMP, að leggja til aukaframlag upp á 35 mkr til

þakskipta á Safnahúsinu á árinu 2026. Nýtt tilboð í þakskiptin hafa borist frá Trésmiðjunni Rein ehf og hljóðar það upp á 33 mkr.

Stjórn samþykkir samhljóða að farið verði í þakskiptin 2026, með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna.

7. Lyfta á Sjóminjasafn – til að bæta aðgengi fyrir alla að Sjóminjasafni er pallalyfta í skoðun og beðið eftir verðtilboðum.
8. Önnur mál
 - a. Héraðsskjalasafn – kynning á helstu verkefnum ársins.
 - b. Forstöðumaður upplýsti stjórn um að Snartarstöðum hafi borist arfleiðslugjöf að upphæð rúmar 8 mkr.
 - c. Fengist hefur ráðningarstyrkur frá VMST til að ráða í 70% stöðu á Snartarstöðum í skráningu muna og gerð hlóðleiðsagnar.
 - d. Internet á starfsstöðvum –
 - e. Árbók Þingeyinga er komin úr prentun og hefur verið póstlögð til áksrifenda. Stjórn ræddi möguleika á stækkun áskrifendahópsins t.d. með því að senda öllum Þingeyingum sem verða 50 ára eina eldri bók að gjöf.
 - f. Samningstími um aukaframlag sveitarfélaganna til viðhalds fasteigna, upp á 3 mkr á ári sl. þrjú ár er liðinn.

Stjórn samþykkir samhljóða að leita til til aðildarsveitarfélaganna um áframhaldandi 3ja milljón króna framlag til viðhalds fasteigna árið 2026.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17.35